

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. 8
nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, til að öðlast gildi 1. marz 1929 7. febr.
og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. febrúar 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

REGLUR

fyrir

nemendur hins almenna menntaskóla í Reykjavík.

9
9. febr.

Í skólum ríður mjög á því að höfð sé reglusemi í hvívetna, svo að ekki raskist né truflizt starfsemi skólans. Eru hér á eftir taldar nokkrar þær reglur, sem nauðsynlegt þykir, að nemendur kynni sér og hagi sér eftir.

1. gr.

Skólahúsið er opnað á hverjum morgni kl. 8, en kennslustundir byrja kl. 8,15 og eiga þá allir nemendur að vera komnir í sæti sín, hver í sínum bekk. Kennslustundir standa vanalega til kl. 2,40 síðd. Gefa skal nemendum tómstund, 10 mínútur milli allra kennslustunda, og skulu þeir þá allir ganga úr bekkjunum og nota mínútur þessar sér til hressingar úti undir berum himni, þegar veður leyfir.

Þegar hringt er til inngöngu, eiga nemendur tafarlaust að ganga stillilega hver inn í sinn bekk og setjast í sæti sín. Má enginn nemandi ganga út úr bekk í kennslustund án leyfis, heldur skal hver sitja kyr í sæti sínu, þangað til stundin er úti, og hvorki hafa samræður né gjöra neinskonar óreglu. Ef svo ber við að kennari getur eigi komið í kennslustund, skulu nemendur í þeim bekk hvorki hafa umgang né hávaða, og skal umsjónarmaður bekkjarins hafa gætur á, að eigi sé út af breytt.

Frá kl. 11,45—1 verður hlé á kennslunni, og skulu nemendur nota þann tíma til miðdegisverðar.

9

9. febr.

2. gr.

Allir nemendur eru skyldir að eiga eða hafa til afnota allar þær bækur, sem hafðar eru við kennslu í þeim bekk, er þeir sitja í og skulu þær vera greinilega merktar. Bækur sínar og ritföng ber þeim að hafa til taks í hverri kennslustund.

3. gr.

Nemendur skulu fara vel með allt, sem skólinn á og varast að pára á veggj kennslustofanna og ganganna, sem og að krota nöfn sín eða annað þessháttar á borð og bekkj skólans. Gjörri einhver nemandi sig sekan í skemmdum, þá skal hann bæta fullum skaðabótum. Ef slíkar skemmdir hafa orðið í einhverjum bekk og gangist enginn við þeim, skulu nemendur þess bekkjar bæta skaðann í félagi.

4. gr.

Nemendur eiga að ganga þrifalega um hús skólans, sérstaklega skulu þeir varast að hrækja annarsstaðar en í hrákailát. Þeir mega hvorki fara með eld né eldfim efni, né heldur reykja eða tyggja tóbak í skólahúsunum eða á lóð skólans, og yfirleitt ekki aðhafast neitt það, sem spillt getur hollustuháttum skólans eða andrúmslofti.

5. gr.

Ef næmur sjúkdómur kemur upp í húsi, er nemandi býr í, skal nemandinn, foreldrar hans eða fjárhaldsmaður þegar í stað láta rektor vita af því. Sá lærisveinn, er veikst hefir af næmum sjúkdóm, eða búið í húsi þar sem þess kyns sjúkdómur hefir gengið, má ekki koma í skólann, fyr en rektor hefir verið afhent læknisvottorð um það, að smitunarhættu sé lokið og nauðsynleg sótthreinsun hafi farið fram.

Ef einhver nemandi er sjúkur að morgni, svo að hann getur ekki komið í kennslustundir, skulu foreldrar hans eða húsráðandi þegar senda skriflega tilkynningu til þess kennara, sem umsjón hefir með fjarvistum nemenda. Nemandi, sem verður sjúkur í kennslustund eða milli kennslustunda, skal biðja rektor eða kennara um heimgönguleyfi. Ef þeim þykir ástæða til, leggja þeir fyrir nemanda að sýna sig lækni og fá vottorð hjá honum.

Nú sækir nemandi ekki kennslustundir og ber fyrir sig sjúkleik, og getur þá lækni krafist þess, að lækni skólans skoði nemanda. Sker þá lækni úr, hvort sjúkleikann megi telja nægilega ástæðu fyrir nemanda til að koma ekki í skólann. Ef nemandi vanrækir kennslustundir,

án þess að sjúkleik eða öðrum gildum forföllum sé um að kenna, þá getur það varðað brottrekstri. 9
9. febr.

6. gr.

Hver nemandi skal hafa einhvern þann mann að fjárhaldsmanni, sem rektor tekur gildan. Fjárhaldsmaðurinn er meðráðamaður og ráðunautur nemanda í öllum greinum, tekur við því styrktarfé, sem nemandi kann að fá og ábyrgist greiðslu þeirra gjalda, sem lögð eru eða kunna að verða á nemanda, svo og bætur fyrir skemmdir, sem nemandi kann að gera sig sekan í.

7. gr.

Sérhver nemandi skal hafa einkunnabók. Rita kennararnir í hana einkunnir hans þrisvar á ári: fyrir jólaleyfið, í marzmánuði og maímánuði og auk þess prófeinkunnir, og skal fjárhaldsmaður rita nafn sitt í einkunnabókina í hvert sinn, sem ritað er í hana. Athugasemdir um hegðun nemanda og fjarvistir verða og ritaðar í einkunnabók hans.

8. gr.

Ef nemandi, hvort sem hann er í skóla eða utan skóla, veitir eða þiggur hjálp eða notar óleyfileg hjálparmeðöl við úrlausn skriflegs verkefnis í prófi, þá er hann rækur frá prófinu og má ekki ganga undir sama próf fyr en að ári liðnu.

9. gr.

Rektor setur umsjónarmenn úr flokki nemenda sjálfra, svo marga sem honum þykir þörf á. Skulu þeir styrkja rektor og kennarana af fremsta megni til þess að viðhalda góðri reglu.

10. gr.

Nemendur skulu í öllu sýna kennurum sínum hlýðni, og temja sér kurteisi og háttþrýði innan skóla og utan.

11. gr.

Nemendur skulu forðast að neyta áfengra drykkja, og er það bein burtrekstrarsök úr skóla, ef að því kveður til muna. Í skólanum og á skólasamkomum mega þeir alls ekki hafa áfengi um hönd.

9
9. febr.

12. gr.

Nemendur mega ekki koma opinberlega fram án leyfis rektors, né hafa skemtisamkomur utan skólans.

13. gr.

Enginn nemandi má fara náttlangt burt úr bænum án leyfis rektors.

14. gr.

Brot gegn reglum þessum varða eftir atvikum áminningu kennara eða rektors, missi námsstyrks eða burtvísun úr skóla, sbr. 30. gr. bráðabirgðarreglugjörðar fyrir hinn almenna menntaskóla í Reykjavík, 9. sept. 1904.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. febrúar 1929.

Jónas Jónsson.

St. Gunnlaugsson.